

TILLAGA AÐ DEILSKIPULAGI JARÐANNA GEIRSHOLT OG ÞÓRISHOLT Í LANDI SYÐRI FOSS



TILLAGA AÐ DEILSKIPULAGI 1:1500

Greinargerð

Deiliskipulag þetta nær yfir jörðina Geirsholt L 217855 og jörðina Þórisholt Land L 200372 og er þær aðliggjandi jarðir í Mýrdalshreppi. Skráð stærð Geirsholts er 1.1 ha að stærð en mæld stærð er 1,2 ha. Þar eru nú hesthús, fjárhús og hlaða og eru það sambyggðar byggingar. Skráð stærð Þórisholts Lands er 12 ha að stærð en mæld stærð er 14.9 ha.

Markmið

Er annars vegar að sameina jarðirnar tvær sem um ræðir. Geirsholt og Þórisholt Land. Eftir sameiningu yrði notast við staðarheitið Geirsholt. Skv. Landeignaskrá er fyrir hendi skörun á landamerkjum jarðanna Þórisholt Land og Reynir L 2188324. Fyrir liggur skriflegt samþykki eigenda jarðarinnar Reynir að sá hluti jarðanna er skarast, tilheyrir jörðinni Þórisholt Land.

Hins vegar að breyta notkun húsanna sem fyrir eru á Geirsholti á þann veg um fimm íbúðir verði að ræða. Í dag eru húsdýr engin á jörðinni og eru því húsinn í núverandi ásigkomulagi og notkun, vannýtt.

Vernd og náttúruvæðing

Innan skipulagssvæðis eru engar fornminjar skráðar á minjavefsjá Minjastofnunar. Skipulagssvæðið er ekki staðsett á helstu leiðum jökulhlaupa úr Mýrdalsjökli skv. aðalskipulagi Mýrdalshrepps. Bent er á að skv. aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 er sá hluti húsanna að Geirsholti sem merktur er sem hlaða, byggður árið 1920 og er því friðaður. Leitast verður á lita og leiðbeininga Minjastofnunar við endurbætur húsnæðisins.

Hönnunarskilmálar

Húsin þarfnast verulegra úrbóta og við endurnýjun verður haldið í það útlit og form sem fyrir er á húsunum. Heildarásýnd húsana helst því óbreytt. Umhverfi húsanna mun sömuleiðis taka mið af þeirri tíð er húsinn voru byggð.

Aðkoma og bílastæði

Aðkoman að jörðunum er um veg nr. 215, Reynishverfisveg. Liggur vegur um Þórisholt Land að Geirsholti. 6-10 bílastæðum verður komið fyrir á lóðinni. Á tveimur þeirra verður komið fyrir tengimöguleikum til rafhleðslu bíla.

Lagnir og veitur

Ekki liggur fyrir hönnun á veitum og lögnum en gert er ráð fyrir því að lagnir muni liggja samhliða vegi um jarðarnar. Haft verður samráð við byggingarfulltrúa, veitustofnanir og aðra er málið varðar.

Fráveita

Gert er ráð fyrir því að skolp verði leitt í rotþrær eða aðrar hreinsistöðvar. Fyrirhuguð staðsetning rotþróa ásamt uppsetningu verður ákveðin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Reglugerð um fráveitur og skolp nr. 798/1999 verður fylgt.

Neysluvatn

Gert er ráð fyrir því að vatn fái frá viðurkenndri vatnsveitu í nágrenninu

Upphitun

Gert er ráð fyrir rafmangshitun þar sem engin hitaveita er í nágrenninu.

Raflagnir

Íbúðir munu tengjast dreifikerfi Rarik. Nú þegar er rafmagnskassi staðsettur á lóð. Staðsetning raflagna verður ákveðin í samráði við Rarik eða aðra sem koma að málinu.

Sorphirða

Sorphirða og útfærsla á henni verður unnin í samræmi við Mýrdalshrepp.



AÐALSKIPULAG MÝRDALSHREPPS 2021-2033. EKKI Í KVARÐA

- Afmörkun jarðar
- Vegur innan jarðar
- ▲▲▲▲ Bílastæði
- Svæði sem skarast í landeignaskrá. Tilheyrir Þórisholti Land skv. undirrituðu samþ.

Deiliskipulagstillaga
Staðsetning: Geirsholt 870, Mýrdalshreppur

Verkkaup: S356 ehf.
Tengiliður hönnuð: Kristján Svan Kristjánsson 291281-5839 kristjan@andakt.is 694 6065

Aðalteikningar
Teikning: Deiliskipulagstillaga
Mkv.: 1:1500
Verkt.: 2315 Teikning nr.: A1-01
Teiknað: K.S.K. Yfirarið: G.S.

ÚTGEFIÐ 03.09.2023
Breyting dags.:

andakt arkitektar
Brúarvogur 1-3 104 Reykjavík
andakt@andakt.is www.andakt.is
Sími: 600122-1340

Gunnar Ágústsson arkitekt FAÍ Sími: 080877-4719
Kristján Svan Kristjánsson byggingafr. Bf Sími: 291281-5839

TEIKNINGU ÞESSA MÁ EKKI AFRIÐA AÐ HLUTA TIL EÐA Í HEILD ÁN SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR.